

Upplýsingaskjal – Orkuveita Reykjavíkur í Jemen

Saving Iceland, 27. Júlí 2008

Í Apríl 2008, heimsóttu Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra og Guðmundur Sigurjónsson, framkvæmdarstjóri REI, Jemen og skrifuðu undir saming um raforkuframleiðslu. Sagt var frá því í fjölmiðlum (1,2) að samningarnir væru um áætlun REI um að leiða rannsóknir á hugsanlegri jarðhitavirkni á fjallinu Lesi í Dhamar héraðinu í Jemen. Ef virknin er til staðar mun REI hefja boranir á svæðinu.

Orkuveita Reykjavíkur: Hver er ykkar staða?

Fulltrúi Saving Iceland hafði samband við Orkuveituna til þess að spyrjast frekar um stöðu þessa verkefnis. Honum var sagt að engir ‘alvöru samningar’ hefðu verið undirritaðir, aðeins hafi verið rætt um aðstoð við rannsóknir – engar ‘raunverulegar fjárfestingar’. Einnig var honum sagt að framkvæmdarstjórinn sem stóð að þessum yfirlýsingum og hafi verið fylgjandi framkvæmdunum, hafi nú yfirgefið fyrirtækið. Það er ekki rétt; Guðmundur Sigurjónsson er ennþá framkvæmdarstjóri REI (3).

REI áætlar nú að fjárfesta í 300 milljón króna jarðvarmaverkefni í Djibouti (4). Þegar fulltrúi Saving Iceland spurði forsvarsmann OR út í verkefnið og hvort svipaðar fjárfestingar myndu eiga sér stað í Jemen, fékkst ekkert svar.

Ástandið í Jemen

Í Jemen eru nú átök milli ríkisstjórnar landsins og uppreisnarmanna, og þeir sem eru grunaðir um jafnvel samstöðu með al-Houthi uppreisnarhernum eru handteknir og myrtir án dómsúrskurðs.

Í landinu gilda bókstafstrúarlög. Dæmigerður sýnileiki þess er t.d. að stelpur geta verið neyddar í hjónaband frá níu ára aldri (5). Núverandi stjórnvöld, undir forsetanum Ali Saleh (frá 1990) njóta stuðnings Konunglegu Saudi fjölskyldunnar (Saudi Royal Family) og Bandaríkjanna, í deilum sínum við al-Houthi uppreisnarmennina og aðra innfædda og trúarhópa í landinu; en deilan hefur fyrst og fremst verið pólitísk og efnahagstengd frekar en trúarleg (6,7).

Ríkisstjórnin var kosin, en fjölmiðlar eru undir stjórn hennar. "The Ministry of Information administers all broadcasting through the Public Corporation for Radio and Television. It controls most printing presses and funds some newspapers. The press is strictly controlled and newspapers have often been prosecuted over political articles," segir fréttastofa BBC (8).

Árið 2007 sagði Amnesty frá (9): "Dozens of people arrested in previous years in the context of the ‘war on terror’ remained in indefinite detention without trial. Two escaped prisoners were killed by the security forces in circumstances that suggested they may have been extrajudicially executed. Political prisoners were tried in special courts whose proceedings fell far short of international standards [...] Death sentences continued to be imposed and at least 30 people were reported to have been executed."

Amnesty segir svo frá pyntingu ungs fanga sem var neyddur til að játa á sig sekt og svo tekinn af lífi; auk annara sagna um fanga undir lögaldri. Árið 2005 lögðu Jemenskar öryggissveitir eld að mótmælum flóttafólks fyrir utan skrifstofur UNHCR, þar sem sjö manns létu lífið. Hingað til hafa yfirvöld landsins neitað að rannsaka málið.

Munu fjárfestingarnar raunverulega verða hinum fátæku í hag?

Einhverjir myndu eflaust halda því fram að það að fjárfesta í Jemen, einu fátækasta ríki Arabaheimsins, og gefa þjóðinni tækifæri tækifæri til að minnka áreiðni sína á olíu, sé gott og blessað.

En Jemen er stórkostlega spillt land þar sem ótrúlegur ójöfnuður ríkir (10, 11). Í stað þess að verða þeim fátæku í hag, er líklegast að hagnaðurinn fari beint í hendur einstaklinga og hópa sem eru í góðvild ríkisstjórnarinnar og forsetans, Ali Saleh - þeirra sem REI hyggst starfa með.

Eins kaldhæðnislega og það hljómar hefur sendiherra Jemen í Bandaríkjunum nú auglýst eftir álfyrirtækjum til að koma og fjárfesta í Jemen (12). Síðustu áratugi hafa olíu- og gasauðlindir að mestu verið elítunni til góðs; auk olíufélaganna sem starfa með Jemensku ríkisstjórninni.

Munu nýjar jarðvarmavirkjanir verða þeim fátæku til góðs, eða verður orkan seld til erlendra fjárfesta og auðlindirnar notaðar til að auka hag núverandi valdhafa; sem bera ábyrgð á löngum lista mannréttindabrota?

Heimildir

1. Yemen News Agency (2008). Yemen, Icelandic REI sign document to invest in generating electricity by geothermal. <http://www.sabanews.net/en/news151190.htm>
2. IceNews (2008). Electricity agreement signed between Yemen and Iceland. <http://www.icenews.is/index.php/2008/04/14/electricity-agreement-signed-between-yemen-and-iceland/>
3. Reykjavík Energy Invest website, <http://www.rei.is/Aboutus/Management/>
4. Iceland Review (2008). Dated 16-4-2008. http://www.icelandreview.com/icelandreview/daily_news/?cat_id=48123&ew_0_a_id=304383ew_news_onlyarea=rightcontent1&ew_news_onlyposition=23&cat_id=48123&ew_23_a_id=304383
5. Human Rights Watch (2002). World Report - Yemen.
6. Al-Qadi, M. Search for al-Houthi continues. Yemen Times. <http://yementimes.com/article.shtml?i=763&p=front&a=1> [Accessed July 17th, 2008]
7. US Department of State (2007). International Religious Freedom report 2007.
8. BBC News (2008). Country Profile: Yemen. http://news.bbc.co.uk/1/hi/world/middle_east/country_profiles/784383.stm [Accessed July 17th, 2008]

9. Amnesty International (2007). Amnesty International Report 2007 Yemen.
10. Heritage Foundation (2008). Index of economic freedom. <http://www.heritage.org/research/features/index/country.cfm?id=Yemen> [Accessed July 17th, 2008]
11. Novak, J. (2008) Yemen: failure or democracy. Yemen Times <http://www.yementimes.com/article.shtml?i=905&p=report&a=1> [Accessed July 17th, 2008]
12. Embassy of Yemen in the US (2008). <http://www.yemenembassy.org/economic/index.htm>.